



Nefndasvið Alþingis  
við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12.11.2018  
Tilvísun: 201809-0038

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattleysi launatekna undir 300.000 kr.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skattleysi launatekna undir 300.000 kr. ASÍ tekur undir markmið tillögunar um að draga þurfi úr skattbyrði launafólks en hún hefur farið vaxandi á undanförunum áratugum og sú þróun komið verst niður á hinum tekjulægstu. Skoða þarf ólíkar leiðir til að bæta lífskjör launafólks með samspili breytinga á tekjuskattkerfinu, eflingu tilfærslukerfanna og átaki í að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra.

Í skýrslu Hagdeildar ASÍ, „Skattbyrði launafólks 1998-2016“ var reynt að varpa ljósi á þróun tekjuskattkerfisins frá árinu 1998 og samspili skattkerfisins við tilfærslukerfin, launaþróun og þróun persónuafsláttar. Meginniðurstaða skýrslunnar var sú að skattbyrði flestra hópa á vinnumarkaði hefði aukist yfir tímabilið en þar af langmest hjá lágtekjuhópum. Þróunina mætti rekja til þriggja atriða. Í fyrsta lagi vegna misgengis í þróun launa og persónuafsláttar þar sem uppbygging kerfisins leiðir til sjálfvirkar aukningar skattbyrði þegar laun hækka umfram verðlag. Í öðru lagi vegna aukinna skerðinga og veikingar vaxtabótakerfisins. Í þriðja lagi vegna aukinna skerðinga og veikingar barnabótakerfisins.

Verkalýðshreyfingin hefur um langt skeið bent á þessa þróun. Niðurstaðan hefur verið að einungis 18% fjölskyldna sem eiga húsnæði fengu vaxtabætur árið 2016 samanborið við 47% árið 1998 (hlutfallið hefur farið úr 62% í 28% fyrir einhleypa). Í barnabótakerfinu er þróunin sú að 48% fjölskyldna fengu barnabætur árið 2016 og fækkunin verið mikil frá hruni þegar yfir 70% fjölskyldna fengu barnabætur. Þróunin til skemmri tíma hefur verið með sama hætti, frá árinu 2013 hefur þetta komið fram í fækkun upp á 18 þúsund viðtakendur vaxtabóta og 13 þúsund viðtakendur barnabóta.

Framangreind þróun hlaut mikla umræðu á nýafstöðnu þingi ASÍ og í nýsamþykktari stefnu ASÍ er kallað eftir því að stjórnvöld tryggji jöfnunarhlutverk skatt- og tilfærslukerfanna. Þar segir m.a.

*Skattatilfærsla stjórnvalda síðustu áratugi hefur létt sköttum af hinum hæstlaunuðu og aukið skattbyrði á lág- og millitekjuhópa. Þetta skal leiðrétt.*



- *Skattkerfið verði nýtt sem raunverulegt jöfnunartæki. Skattar á lágtekjufólk verði lækkaðir, lægstu laun gerð skattfrjáls með hækkun persónuafsláttar sem fylgi launaþróun og komið verði í veg fyrir sjálfvirkar skattahækkanir hinna tekjulægstu.*
- *Húsnæðis- og barnabótakerfin verði endurreist og horfið verði frá þeirri stefnu að sá stuðningur renni einungis til hinna tekjulægstu.*
- *Hæstu tekjur samfélagsins verði skattlagðar með sérstöku hátekjuþrepi.*
- *Lagðir verði á auðlegðarskattar og fjármagnstekjuskattur hækkaður til að stuðla að samfélagsátt og bregðast við auknum ójöfnuði eigna.*
- *Brugðist verði við skattaundanskotum með auknu skattefirliti.*
- *Að notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt gjald.*
- *Styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarféлага verði skattfrjálsir.*

f.h. Alþýðusambands Íslands  
Róbert Farestveit  
Hagfræðingur



**LEB**  
Landssamband eldri borgara

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 11.október 2018

Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara um tillögu til þingsályktunar um skattleysi launatekna undir 300.000.

Þingskjal 8 – 8.mál

Landssamband eldri borgara telur eðlilegt að skattleysi launatekna miðist við framfærsviðmið sem Velferðarráðuneytið gefur út á hverjum tíma.

Landssamband eldri borgara telur eðlilegt lægstu tekjur nú um 300.000 krónur verði skattlausar. LEB telur að eftir því sem launatekljur hækka lækki persónuafsláttur og hverfi alveg þegar tekjur eru orðnar mjög háar t.d. 1.500.000 á mánuði.

Þetta er samsvarandi því kerfi sem er á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Eftir því sem tekjur einstaklinga hækka lækkar greiðslur frá TR og hverfa alveg við um 550.000 kr. mánaðartekjur.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.10.2018

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um skattleysi launatekna undir 300.000 kr. Þingskjal 8 – 8. mál.**

Í umsögnum ÖBÍ til Alþingis hefur skattlagning lágra tekna, sem engan veginn duga til framfærslu, verið gagnrýnd ítrekað.<sup>1</sup> Undirrituð, fyrir hönd bandalagsins styður því þingsályktunartillöguna sem hér er til umsagnar og leggur áherslu á að hún verði samþykkt. Í umsögn ÖBÍ um fjármálaáætlun 2019-2023 og í umsögn ÖBÍ um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2019 (2. mál) er m.a. lagt til að mánaðartekjur einstaklinga undir 300.000 kr. verði undanþegnar tekjuskatti.

Breytingar á skattaumhverfinu á undanförunum árum hafa **ekki** verið til hagsbóta fyrir örorkulífeyrisþega og annað lágtekjufólk. Skattbyrði þessa hóps hefur aukist mjög mikið. Eins og fram kemur í skýrslu ASÍ, sem vísað er til í greinargerð með þingsályktunartillögunni, hefur skattbyrði aukist langmest hjá tekjulægstu hópunum.

Ein af meginástæðum aukinnar skattbyrði, einkum lágtekjufólks, er að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun. Hins vegar fylgir uppfærsla fjárhæðarmarka skattþrepa launaþróun, eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Örorkulífeyrisþegar eins og annað lágtekjufólk greiða skatt í neðra þrepi. Persónuafsláttur hefur mest áhrif á þá tekjulægstu þar sem um fasta upphæð er að ræða. Því yrði veruleg hækkun hans mikil kjarabót fyrir lágtekjufólk. Persónuafsláttur árið 2018 er 53.895 kr. Ef hann hefði fylgt launavísitölu, sem var tekin upp árið 1989, væri hann 112.904 kr. á mánuðivegna ársins 2018 og skattleysismörk 305.650 kr. á mánuði.<sup>2</sup> Í greinargerðinni kemur fram að ef tekjur einstaklinga undir 300.000 kr. verði undanþegnar skatti samsvari það 106.387 kr. persónuafslætti, sem er rétt undir þeirri upphæð sem hann væri ef hann hefði fylgt launavísitölu frá árinu 1989.

<sup>1</sup> Dæmi um umsagnir síðustu ár: Umsögn ÖBÍ um fjármálaáætlun 2019-2023, umsögn ÖBÍ um fjárlög 2018, umsögn ÖBÍ um fjármálaáætlun 2018-2022, umsögn ÖBÍ um fjárlög 2017.

<sup>2</sup> Uppreiknað til desember 2017.

Lögð er áhersla á að hækkun persónuafsláttar nýtist lágtekjufólki mun betur en lækkun skattprósentu í lægra skattþrepi. Slík aðgerð viðheldur ójöfnuði og raunar eykur hann ójöfnuð. Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið til að bæta kjör hinna lægst launuðu, eykur jöfnuð og flækir ekki skattkerfið. Árið 2018 greiða skattgreiðendur tekjuskatt af tekjum yfir 145.945 kr. á mánuði.<sup>3</sup> Einstaklingur með 200.000 kr. tekjur á mánuði greiðir tæpar 20.000 kr. í staðgreiðslu.

Tillagan eykur sérstaklega ráðstöfunartekjur þeirra sem eru á lágum launum á vinnumarkaði eða á lífeyri. Miðgildi heildartekna öryrkja árið 2017 var 293.401 kr. Tekjuskattur af þeirri upphæð var 55.475 kr. Fólki með lágur tekjur munar mikið um þessar krónur.

Í greinargerðinni er stuðst við hið dæmigerða neysluviðmið velferðarráðuneytisins, sem er án húsnæðiskostnaðar eftir uppfærslu árið 2012. Neysluviðmiðið var síðast uppfært í febrúar 2017. Á þeim tíma fengu örorkulífeyrisþegar með óskertan lífeyri almannatrygginga að viðbættri heimilisuppbót útborgaðar 229.475 kr. á mánuði en neysluviðmiðið án húsnæðiskostnaðar var (og er) 227.764 kr. Örorkulífeyrisþegum er því ætlað að framfleyta sér á tekjum, sem eru langt undir neysluviðmiðum, þar sem ekki er gert ráð fyrir húsnæðiskostnaði. Hann er í flestum tilvikum stærsti einstaki útgjaldaliður einstaklinga og fjölskyldna.

Eins og fram kemur í greinargerðinni eru tekjur sem ekki hrökkva fyrir lágmarksframfærslu skattlagðar. Mjög mikilvægt er að gera sem allra fyrst breytingar á skattlagningu með það að markmiði, eins og fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar sem hér er til umsagnar að jafna skattbyrði milli tekjuhópa þannig að hún verði líkari því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og „hlífa þeim sem eru með tekjur undir framfærslumörkum við að greiða samfélaginu skatta af þeim tekjum“.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,  
formaður ÖBÍ.

---

<sup>3</sup> Ef tekið er tillit til 4% iðgjalds í lífeyrissjóð er upphæðin 151.978 kr. á mánuði.